

Sælir ströndungar.

Ég er 55 ára vélfræðingur og starfa hjá Hafnarsamlagi Norðurlands. Ég var vélstjóri á fiskiskipum þriðjung úr öld og hef komið að rekstri og skipulagsmálum síðustu áratugi. Þar að auki hef ég setið í sveitastjórn síðustu 4 ár. Mér hefur heilt yfir þótt gaman að starfa á þessum vettvangi og tel mig enn hafa sitt hvað til málanna að leggja. Því gef ég kost á mér áfram.

Spennandi tímar eru framundan á Svalbarðsströnd og er mér umhugað að haldið verði áfram því góða starfi sem unnið er í sveitarfélaginu. Gæta verður þó ráðdeildar og hagsýni við framkvæmdir og rekstur.

Kveðja,
Halldór Jóhannesson
Smáratúni 1

